Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

1. tbl. 26. árgangur • Mars 2015

Félögin undirbúa atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun

„Kröfur Starfsgreinasambandsins falla í góðan jarðveg meðal félagsmanna, ég skynja ekki annað. Við teljum krónutöluhækkanir sjálfsagðar og að miðað verði við að lægsti taxti verði 300 þúsund krónur á mánuði innan þriggja ára. Einnig að launatöflur verði endurskoðaðar þannig að starfsreynsla og menntun verði metin til launa, vaktaálag verði endurskoðað, desember- og orlofsuppbætur hækki, lágmarksbónus verði tryggður í fiskvinnslu og ný starfsheiti skilgreind í launatöflu," segir Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar-stéttarfélags.

Formaður Framsýnar leggur mikið upp úr samstöðu verkafólks í yfirstandandi kjaradeilum við Samtök atvinnulífsins. Verkafólk eigi rétt á launahækkunum til jafns við aðra.

Skemmst er frá því að segja að Samtök atvinnulífsins brugðist hart við kröfugerðinni og sögðu engar forsendur til viðræðna, kröfurnar væru bensín á verðbólgubálið. Starfsgreinasambandið vísaði kjaradeilunni því til ríkissáttasemjara. Gildandi kjarasamningar runnu út nú um mánaðamótin og segir Aðalsteinn Árni krónutöluhækkanir ófrávíkjanlega kröfu.

„ Það sér hver maður að krónutöluhækkun kemur þeim lægst launuðu best, þeir sem eru á hæstu laununum hagnast eðlilega á prósentuhækkunum. Sá sem er með milljón á mánuði fær miklu meira í vasann en sá sem er með 300 þúsund krónur. Allir félagsmenn sem ég hef hitt eru á þessari skoðun og nýjasti bandamaður okkar í þessum efnum er sjálfur forsætisráðherra. Ég trúi ekki öðru en að vinnuveitendur kaupi þessi rök okkar og láti undan í sínum málflutningi um að ekkert sé til skiptanna."

Samstaða mikilvæg

Aðalsteinn Árni segir að Framsýn hafi lagt ríka áherslu á að vera í nánum tengslum við félagsfólk varðandi mótun og gerð kröfugerðarinnar.

„ Við efndum til félagsfunda um kjaramál, auk þess sem fjölmargir vinnustaðir á félagssvæðinu voru heimsóttir. Sérstaklega var kallað eftir skoðunum fólks og áherslum í kjaraviðræðunum og heimasíðan okkar hefur sömuleiðis verið lifandi vettvangur í þessum efnum. Þeir samningar sem gerðir hafa verið við einstakar starfsstéttir á undanförnum mánuðum hljóta að vísa launafólki veginn. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að fólk geti lifað sómasamlegu lífi af dagvinnulaunum í stað þess að þurfa að treysta á yfirvinnu, aukavinnu og akkorð til að framfleyta sér og sínum. Á næstu vikum skýrast línurnar sennilega í kjaraviðræðunum og þá er mikilvægt að launafólk sýni samstöðu. Við getum ekki enn eina ferðina setið eftir í launamálum og horft á nánast allar aðrar stéttir hækka miklu meira."

Aðgerðarhópur Framsýnar skipaður

Aðalsteinn Árni segir að Framsýn hafi þegar skipað þriggja manna aðgerðarhóp, sem meðal annars hafi það verkefni að koma með tillögur að aðgerðum til að ýta á eftir sanngjörnum kröfum um bætt kjör félagsmanna.

„ Já, þessi aðgerðarhópur hefur verið skipaður og Starfsgreinasambandið undirbýr atkvæðagreiðslu um samræmdar verkallsaðgerðir um land allt. Við höfum í raun og veru ekkert annað vopn en verkfallsvopnið. Auðvitað vona ég að ekki þurfi að beita þessu vopni, en mér sýnist að atvinnurekendur vilji keyra öllu í verkföll og ábyrgðin er þá þeirra. Kröfur okkar eru sanngjarnar og þjóðin stendur með okkur. Hræðsluáróðurinn verður án efa áberandi á næstu vikum og þess vegna er svo mikilvægt að launafólk standi þétt saman. Ég hvet því alla félaga til að taka þátt í væntanlegri atkvæðagreiðslu og sýna þannig að okkur er full alvara. Mikilvægt er að fólk greiði atkvæði með verkfallsboðun."

Þjóðin stendur með launafólki

Formaður Framsýnar-stéttarfélags segir að vinnudeilusjóður félagsins sé öflugur, komi til verkfalla.

„ Já, sjóðurinn er ágætlega stöndugur, sem betur fer. Starfsgreinasambandið fer með umboð sextán aðildarfélaga um land allt og semur fyrir rúmlega 12 þúsund manns á almennum vinnumarkaði. Slagkraftur þessara félaga er því mikill, þurfi að grípa til verkfalla. Flest sjávarútvegsfyrirtæki landsins skila miklum hagnaði, ferðaþjónustan vex gríðarlega og stóru fyrirtækin skila eigendum sínum myndarlegum hagnaði og arði. Í síðustu viku birtu bankarnir uppgjör, samanlagður hagnaður þeirra var um 80 milljarðar. Á sama tíma eru sanngjarnar kröfur launafólks sagðar fara með þjóðfélagið á hausinn. Þess vegna tala ég um nauðsyn samstöðunnar, þorri þjóðarinnar styður sjálfsagðar og sanngjarnar kröfur launafólks. Á því leikur enginn vafi í mínum huga. Komi til verkfalla, er ábyrgðin vinnuveitenda. Það eru hreinar línur."

Viðtal: Karl Eskil Pálsson, fjölmiðlamaður.

Framsýn skipar aðgerðarhóp

Stéttarfélög víða um land búa sig undir átök þar sem Samtök atvinnulífsins hafna alfarið kröfum stéttarfélaganna um sérstaka hækkun til þeirra lægst launuðu.

Framsýn hefur skipað þriggja manna aðgerðarhóp. Hópnum er ætlað að undirbúa aðgerðir vegna hugsanlegra verkfalla komi til þess að samþykkt verði að hefja verkfallsaðgerðir á félagssvæði Framsýnar. Eins og kunnugt er voru kjarasamningar lausir um síðustu mánaðamót. Það er hjá félagsmönnum Framsýnar á almenna vinnumarkaðinum en ekki hjá ríki og sveitarfélögum. Miðað við viðbrögð Samtaka atvinnulífsins við sanngjörnum kröfum Starfsgreinasambandsins, sem Framsýn á aðild að, stefnir í hörð átök á vinnumarkaði í apríl.

Forsíðumynd

Að venju lögðu fjölmargir leið sína á Skrifstofu stéttarfélaganna á öskudaginn. Aðalsteinn Árni Baldursson tók þessa skemmtilegu mynd af einum glæsilegum fulltrúa ungu kynslóðarinnar sem leit við og tók lagið.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Aðalsteinn Á Baldursson
Fréttabréfið er skrifað 8. mars 2015 og gefið út í 2000 eintökum. **HÖNNUN/UMBROT:** Skarpur, Húsavík. **PRENTUN:** Ásprent, Akureyri.

Verkalýðsfélag Þórshafnar:

Styrkir félagsmenn vegna heilsueflingar

Hér má sjá nokkra hressa félagsmenn Verkalýðsfélags Þórshafnar.

Íþróttamiðstöðin Ver á Þórshöfn hefur fest kaup á djúphitunarklefa sem er kærkomin viðbót við þá heilsuflóru sem fyrir var miðstöðinni. Stjórn sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Þórshafnar samþykkti nýlega að niðurgreiða 10 tíma kort í klefann til sinna félagsmanna. Frekari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu félagsins á Þórshöfn.

Topp þjónusta hjá Erni

Gengið um borð í flugvélina inni í flugskýlinu þar sem veðrið var frekar slæmt utan dyra.

Það er vel hugsað um farþegana sem fljúga með Flugfélaginu Erni. Eins og menn hafa orðið varir við hefur veðurfarið verið heldur leiðinlegt undanfarið. Svo var þegar flogið var til Húsavíkur frá Reykjavík á dögunum en þá var töluverð snjókoma og vindur. Í stað þess að senda farþegana út í snjókomuna var þeim boðið að ganga upp í vélina inn í flugskýlinu. Vélin var síðan dregin út úr skýlinu og flogið til Húsavíkur. Sá sem þetta skrifar hefur flogið töluvert mikið í gegnum tíðina en aldrei upplifað að ganga upp í flugvél inn í húsi sem síðan er dregin út úr flugskýli og flogið á loft til áfangastaðar. Þetta er þjónusta í lagi.

Veiðikort fyrir félagsmenn

Stéttarfélögin hafa ákveðið að bjóða félagsmönnum að kaupa Veiðikort sem gildir í 36 veiðivötn víða um land, þar af gefur veiðikortið aðgang að sex veiðivötnum á félagssvæði stéttarfélaganna, það er í þrjú vötn á Melrakkasléttu, Kringluvatn, Ljósavatn og Vestmannsvatn. Fullt verð á Veiðikortinu er kr. 6.900. Verð til félagsmanna er kr. 3.500. Með kortinu fylgir vegleg handbók þar sem vötnin eru ítarlega kynnt í máli og myndum. Á vefnum www.veidikortid.is, má finna fréttir og fróðleik sem og allar nánari upplýsingar um vatnasvæðin. Þar má líka finna öflugt myndaalbúm. Veiðikortið er til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Flugið er til einkanota

Rétt er að ítreka að stéttarfélagskjörin á flugmiðum milli Húsavíkur og Reykjavíkur með Flugfélaginu Erni eru aðeins fyrir félagsmenn stéttarfélaganna, það er til einkanota, ekki ef þeir eru að ferðast á vegum fyrirtækja.

STARFSMANNAFÉLAG HÚSAVÍKUR

FRAMSÝN

Þingiðn undirbýr kjarabaráttu

Iðnaðarmenn innan Þingiðnar krefjast hærri launa, það er að dagvinnulaun dugi fyrir framfærslu. Stjórn Þingiðnar er klár í slaginn.

Landssambönd og félög iðnaðarmanna hafa gert með sér samkomulag um samstarf í komandi kjaraviðræðum. Samkomulagið tekur m.a. til framsetningar á kröfum og markmiðum í aðalkjarasamningum félaganna við SA, samstilltra verkfallsaðgerða og samráðs á vettvangi ASÍ. Krafa iðnaðarmanna í komandi kjaraviðræðum er endurskoðun á launakerfum iðnaðarmanna með það að markmiði að dagvinnulaun dugi til framfærslu. Hún næst meðal annars með því að auka framleiðni og stytta vinnutíma. Núverandi launakerfi byggir á lágum grunnlaunum sem neyðir launamenn til að halda uppi afkomu sinni með mikilli yfirvinnu. Mikil þörf er fyrir nýliðun í greinunum en þetta vinnufyrirkomulag er úrelt og hefur skapað starfsumhverfi sem höfðar ekki til ungs fólks. Iðnaðarmenn gera kröfu um fjölskylduvænt samfélag þar sem jafnvægi er á milli vinnutíma og einkalífs.

Félögin telja afar brýnt að unnið verði að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og komið verði á víðtækara vinnustaðaeftirliti.

Að samkomulaginu standa eftirtalin félög og sambönd: Rafiðnaðarsamband Íslands, SAMIÐN, Félag bókagerðarmanna, MATVÍS, Félag hársnyrtisveina og VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna. Þess má geta að Þingiðn, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum er aðili að þessu samstarfi í gegnum SAMIÐN sem félagið á aðild að.

Takk kærlega fyrir okkur

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum í samstarfi við útibú Íslandsbanka á Húsavík færðu Gjafa- og minningarsjóði Hvamms heimili aldraða fallega gjöf í desember til kaupa á spari matar- og kaffistelli fyrir 60 manns og geymsluskáp undir stellið. Verðgildi gjafarinnar er kr. 350.000.

Friðrika Baldvinsdóttir formaður Gjafa- og minningarsjóðsins tók við gjöfinni og þakkaði kærlega fyrir hönd sjóðsins og heimilismanna á Hvammi. Sagði hún gjöfina koma að mjög góðum notum. Fram að þessu hefði ekki verið til sérstakt spari matarstell á heimilinu.

Frá afhendingu gjafarinnar, fulltrúar gefenda; Aðalsteinn Á. Baldursson Framsýn, Jónas Kristjánsson Þingiðn og Höskuldur Skúli Hallgrímsson frá Íslandsbanka. Í myndina vantar fulltrúa frá Starfsmannafélagi Húsavíkur. Með þeim eru frá Hvammi og Gjafa- og minningarsjóði heimilisins; Friðrika Baldvinsdóttir, Emilía Harðardóttir, Sigríður Jónsdóttir og Áslaug Halldórsdóttir. Að sjálfsögðu fylgdi konfektkassi með gjöfinni.

Hjartað slær á Raufarhöfn

Forsvarsmenn Framsýnar og GPG funduðu nýlega um starfsemina á Raufarhöfn þar sem fyrirtækið rekur öfluga fiskvinnslu sem hefur verið að eflast ár frá ári. Farið var almennt yfir starfsemina og kaupaukakerfið í húsinu. Þá hafa staðið yfir umtalsverðar breytingar á húsnæðinu. Fundurinn var vinsamlegur og ætla menn að skoða nokkur sameinginleg hagsmunamál er varða starfsemina á Raufarhöfn og vera í frekara sambandi.

Miðað við þessa mynd voru Gunnlaugur Karl framkvæmdastjóri GPG og Anna Romanska trúnaðarmaður starfsmanna ánægð með fundinn en myndin var tekin í fundarlok.

Samstarf skilar árangri

Samstarfsaðilar, Framsýn, Þekkingarnetið og Rauði krossinn hafa unnið markvist að því að auka þekkingu Þingeyinga á mikilvægi skyndihjálpar.

Framsýn í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og Rauða krossinn hafa staðið fyrir skyndihjálparnámskeiðum fyrir félagsmenn og reyndar aðra áhugasama á svæðinu. Framsýn hefur niðurgreitt námskeiðin fyrir sína félagsmenn í gegnum þá fræðslusjóði sem félagið á aðild að. Nýlega lauk 4 klst. námskeiði sem 12 nemendur tóku þátt í. Kennari var Björgvin Árnason. Næsta námskeið er fyrirhugað á Kópaskeri í mars. Það er Þekkingarnet Þingeyinga sem heldur utan um námskeiðin fyrir hönd samstarfsaðila.

Hvar eru þingmennirnir?

Nokkrir atvinnurekendur og forsvarsmenn stéttar- og félagasamtaka tóku tal saman á götuhorni á Húsavík. Að sjálfsögðu voru mörg hagsmuna- og framfaramál á svæðinu tekin til umræðu s.s. atvinnuástandið, uppbyggingin á Bakka, sjávarútvegsmál, flutningur á kvóta úr bænum og þróunin sem orðið hefur í ferðaþjónustu á svæðinu sem er sífellt að eflast. Já menn voru nokkuð brattir með sig þrátt fyrir ákveðna erfiðleika í atvinnulífinu og fólksfækkun. Þeir söknuðu þess að sjá ekki þingmenn kjördæmisins oftar, svo virtist sem þeir hefðu lítinn áhuga fyrir því að heimsækja vinnustaði og fræðast um málefni fyrirtækja, stéttarfélaga og svæðisins í heild. Nú væri svo komið að kjósendur þekktu ekki nema að hluta þeirra þingmenn sem sitja á þingi. Hér áður fyrr hefðu þingmenn verið miklu meira áberandi og lagt upp úr því að vera í góðu sambandi við atvinnulífið í sínum kjördæmum.

LÍV leggur fram launakröfur

Framsýn og Verkalýðsfélag Þórshafnar eiga aðild að Landssambandi ísl. verslunarmanna, því varða kröfur sambandsins félagsmenn þessara félaga sem starfa við skrifstofu- og verslunarstörf.

Landssamband ísl. verslunarmanna, LÍV, kynnti Samtökum atvinnulífsins launkröfur sínar í komandi kjarasamningum á fundi þann 13. febrúar. LÍV leggur áherslu á að leiðrétta laun félagsmanna miðað við þær launahækkanir sem orðið hafa á vinnumarkaði síðustu misseri og metur kostnaðarauka atvinnulífsins innan þeirra marka sem fyrirtækin þola.

Meginatriði í launakröfum LÍV eru:
1. Að samið verði til eins árs þar sem meðalhækkun launa er kr. 24.000, m.v. fullt starf.
2. Við launahækkanir verði stuðst við launaþróunartryggingu að hámarki kr. 50.000 m.v. fullt starf. Frá þeirri upphæð dragast launahækkanir á tímabilinu 1. janúar 2014 til 28. febrúar 2015, þ.e. 2,8% sem samið var um í síðustu kjarasamningum og allar hækkanir umfram það.
3. Að lágmarkslaun fyrir fullt starf verði kr. 254 þúsund.
4. Kostnaðarauki atvinnulífsins vegna launakrafna LÍV er kr. 6,9 milljarðar eða 5,35% að mati félagsins

Aðalfundur STH

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur fór að venju vel fram.

Þrjátíu félagsmenn Starfsmannafélags Húsavíkur mættu og áttu góðan aðalfund undir stjórn Stefáns Stefánssonar formanns sem haldinn var í desember. Í skýrslu stjórnar kom fram að auk 11 funda á vegum félagsins var boðið upp á tvær Spánarferðir fyrir félagsmenn á árinu 2013 sem mæltust mjög vel fyrir. Þar sem STH er í góðu samstarfi við stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum með orlofshús og íbúðir þótti ekki ástæða til að fara í þessháttar samstarf við önnur starfsmannafélög innan Samflots. Nýtingin á orlofshúsi félagsins á Eiðum var góð en töluvert vatnstjón varð á húsinu vegna mikils vatnsveðurs á svæðinu og í kjölfarið var farið í kostnaðarsamar endurbætur sem skýra að nokkru leyti taprekstur félagsins á árinu 2013. Stefán Stefánsson formaður til 19 ára tilkynnti á fundinum að hann mundi láta af formannsstörfum fyrir félagið á næsta ári. Helga Eyrún Sveinsdóttir, Helga Þuríður Árnadóttir og Ása Gísladóttir voru endurkjörnar í stjórn til næstu tveggja ára en ásamt þeim sitja Stefán Stefánsson og Guðrún Brynjarsdóttir í stjórninni. Félagsgjald verður óbreytt og ekki kom til lagabreytinga. Eftir fundinn sátu félagsmenn áfram við spjall og góðar veitingar í boði félagsins.

Samningur endurnýjaður

Flugfélagið Ernir hefur verið að gera góða hluti varðandi flug til Húsavíkur. Til stendur að fjölga ferðum til Húsavíkur með vorinu.

Framsýn og Flugfélagið Ernir eru um þessar mundir að klára endurnýjun á samstarfssamningi um afsláttarkjör fyrir félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum á flugmiðum á flugleiðinni milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Samningurinn felur í sér að félagsmenn stéttarfélaganna geta áfram flogið ódýrt í sumar en búast má við smá hækkun frá því verði sem er í dag kr. 7.500. Um leið og búið verður að ganga frá samningnum verður sagt frá innihaldi samningsins á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Vinnustaðarölt um Þórshöfn

Formanni Framsýnar, Aðalsteini Árna Baldurssyni, var boðið í vinnustaðaheimsóknir á Þórshöfn. Með í för var Kristín Kristjánsdóttir starfsmaður Verkalýðsfélags Þórshafnar. Komið var við hjá Langanesbyggð, Samkaupum, Samskipum, Naustinu, frystihúsi ÍV og leikskólanum á Þórshöfn. Gestunum var alls staðar vel tekið en nokkuð var um veikindi á vinnustöðum. Sjá myndir.

Höfðinginn, Jón R. Gíslason starfar hjá Landflutningum. Að sjálfsögðu var tekið hús á honum.

Spjallað við starfsmenn á Naustinu sem er heimili aldraðra á Þórshöfn.

Sumarhús, íbúðir, hótel og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum; Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum sínum upp á sameiginlega orlofskosti í sumar eins og undanfarin ár.

Félagsmönnum bjóðast orlofshús, íbúðir, gistiávísanir á Gistihúsi Keflavíkur og Hótel Keflavík, Foss- og Edduhótelum, gisting á farfugla-heimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum og vegna kaupa á útilegukortum.

Hótel Keflavík, Gistihús Keflavíkur, Bed/Breakfast Keflavík, Fosshótel Barón í Reykjavík, Fosshótel Lind í Reykjavík og nokkur Farfuglaheimili eru opin allt árið og gildir afsláttur til félagsmanna þar einnig yfir vetrarmánuðina.

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélögunum í Þingeyjarsýslum. Leitast er við að sem flestir félagsmenn sem sækja um orlofshús fái úthlutað orlofshúsi.

Umsóknarfrestur er til 8. apríl

Leiguverð sumarið 2015

Líkt og undanfarin ár bjóða félögin upp orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 26.000 á viku sumarið 2015. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsófi er í stofu og tvær aukadýnur.
Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Flókalundur - Barðaströnd

Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Orlofshús á Einarsstöðum

Sumarhúsin að Einarsstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og koja yfir en í þriðja herberginu eru kojur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1000 kr. á rúmið og 300 fyrir baðhandklæði, (sækja og greiða þarf línið hjá umsjónarmanni).

Umsóknarfrestur og úthlutun

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimsíðu félaganna www.framsyn.is. Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 8. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Bjarkarsel - Flúðum

Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenningu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 10

Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m2 orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Þvottavél er í orlofshúsinu. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Bláskógar í Svínadal

Í Svínadal inn af Hvalfirði er vaxandi sumarhúsabyggð sem nýtur æ meiri vinsælda. Svæðið er þægilega stutt frá þéttbýlinu en samt út úr skarkalanum. Stutt er í sund að Hlöðum og gestir í húsinu geta veitt í vötnunum þremur í Svínadal án endurgjalds gegn framvísun leigusamnings. Hús félagsins að Bláskógum 12 í Svarfhólsskógi er 44m2 með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Í öðru svefnherberginu er tvíbreitt rúm og í hinu er þröngt einbreið koja (þrjú rúm) auk barnarúms. Á svefnlofti er nóg af aukadýnum. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Búnaður er fyrir 8 manns. Húsið er með stórri verönd og heitum potti. Vorið 2008 var endurnýjuð eldhúsinnrétting og gólfefni á neðri hæð.

Orlofshús Öxarfirði

Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel búið með þrem svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 31. maí til 30. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Orlofshús Eiðum-MIKIÐ ENDURBÆTT

Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m2 orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi

Orlofshúsið er um 52 m2 að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshúsið Lyngás 8 Grímsnesi

Í boði er stórt orlofshús, um 100 m2 (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m2 svefnloft með tveimur tvíbreiðum rúmum og einu einbreiðu rúmi. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogsvirkjunum. Athugið, myndin er ekki af rétta orlofshúsinu sem stéttarfélögin eru með á leigu en það er mjög svipað húsinu á myndinni.

Orlofshús Ölfusborgum

Í boði er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m2 með þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð verönd og heitur pottur er við húsið.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi

Í boði eru fjórar glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til 100 fm. Í íbúðunum eru tvo herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Sólheimar 23 Reykjavík

Íbúðin í Sólheimum er í eigu Starfsmannafélags Húsavíkur. Íbúðin er þriggja herbergja og aðeins leigð til félagsmanna í STH. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum.
Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sófi í stofunni.
Íbúðin er leigð út af Bæjarskrifstofunni og gefa Ása Gísladóttir sími 464-6103 eða Guðfinna Baldvinsdóttir síma 464-6102 upplýsingar um hana. Umsjónarmaður íbúðar í Reykjavík er Bragi Halldórsson símar 553-5083 og 899-5082

Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum.
Brot á þessum reglum varða tafarlausi brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.

Hótelgisting á Fosshótelum

Félagsmönnum stéttarfélaganna býðst gisting á Fosshótelum sem staðsett eru víða um land:

Fosshótel Reykjavík, Höfðatorgi, 105 Reykjavík
Fosshótel Lind, Rauðarárstígur 18, 101 Reykjavík
Fosshótel Baron, Barónstígur 2, 101 Reykjavík
Fosshótel Reykholt, 320 Reykholt
Fosshótel Húsavík, Ketilsbraut 22, 640 Húsavík
Fosshótel Dalvík, Skíðabraut 18, 620 Dalvík
Fosshótel Núpar , Núpar , 880 Kirkjubæjarklaustur
Fosshótel Vatnajökull, Lindarbakka, 781 Hornafjörður
Fosshótel Laugar, 650 Laugar
Fosshótel Vestfirðir , Aðalstræti 100 , 450 Patreksfjörður
Fosshótel Austfirðir , 750 Fáskrúðsfjörður
Fosshótel Hekla, Brjánsstöðum, 801 Selfoss

Í boði eru tveggja manna herbergi með baði og morgunmat. Félagsmenn sjá sjálfir um að bóka gistinguna og kaupa síðan gistiávísun á Skrifstofu stéttarfélaganna.

- Almennt verð fyrir gistinóttina er kr. 8.000 með niðurgreiðslu.
- Frítt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum.
- Aukarúm kostar kr. 5.500 með morgunmat.
- Frá 1. júní til 31. ágúst þarf að greiða með 2 gistimiðum fyrir hverja nótt á Fosshótelum sem gerir kr. 16.000.

Ath. 7.000 kr. aukagjald greiðist fyrir gistingu á Fosshótel Reykjavík.

Gistimiðar gilda ekki á Menningarnótt, Fiskideginum mikla á Dalvík og á Mærudögum á Húsavík.

FOSSHOTEL

Hótelgisting á Eddu

Félagsmönnum býðst gisting á 12 Edduhótelum sem staðsett eru um allt land. Hótelin eru: ML Laugarvatni, IKI Laugarvatni, Skógar, Höfn, Neskaupsstaður, Egilsstaðir, Akureyri, Stórutjarnir, Vík, Laugarbakki, Sælingsdalur og Ísafjörður.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávísun fyrir uppbúið tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelið leggur til dýnur. Félagsmenn fá góðan afslátt og að auki niðurgreiða stéttarfélögin hverja nótt um kr. 2.500,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er hjá einstökum hótelum eftir tímabilum.

Nánari upplýsingar á www.hoteledda.is

Bed - Breakfast Keflavík

Stéttarfélögin hafa samið við Gistihús Keflavík/ Bed-Brekfast um afslátt af gistingu fyrir félagsmenn. Auk þess niðurgreiða félögin hverja gistinótt um kr. 2.000,- fyrir hvern fullgildan félagsmann. Gistihús Keflavíkur er góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Boðið er upp á morgunverð frá klukkan 04:30 alla daga. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli innifalin í verði. Nánari upplýsingar á www.bbkeflavik.com

Gisting á Akureyri

Stéttarfélögin eru með samning við Hótel KEA, Hótel Norðurland og Ráðhúsið íbúðahótel á Akureyri og Lamb inn á Öngulsstöðum um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Gisting á Hótel Keflavík

Félagsmönnum býðst ódýr gisting á Hótel Keflavík, sem er góður kostur fyrir þá sem eru að ferðast um Keflavíkurflugvöll.

Félagsmenn kaupa gistiávísun á skrifstofu stéttarfélaganna og bóka gistingu á hótelinu. Í boði er einmennings-, tveggja manna- og fjölskylduherbergi. Félögin niðurgreiða einnig gistinóttina um kr. 2.000 fyrir hvern fullgildan félagsmann.

Morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bílnum meðan dvalið er erlendis endurgjaldslaust. Nánari upplýsingar á www.hotelkeflavik.is

Gistiheimili Keflavíkur

Stéttarfélögin hafa samið við Gistiheimili Keflavíkur um ódýra gistingu fyrir félagsmenn sem ferðast milli landa. Gistiheimilið er í eigu sömu aðila og reka Hótel Keflavík. Gestir þurfa að deila snyrtingu með öðrum gestum en tvö baðherbergi fylgja sex herbergjum. Verðið hækkar svo sumarið 2014 um kr. 2.000 á herbergi. Innifalið í verðinu er einnig geymsla á bíl. Gistiheimilið er við Vatnsnesveg 9 í Keflavík, það er á móti Hótel Keflavík. Innritun gesta á Gistiheimili Keflavíkur fer fram á Hótel Keflavík. Þar geta gestir einnig gengið að góðum morgunverði og annarri þjónustu á vegum hótelsins. Verðin sem gefin eru upp í þessari lýsingu eru eftir niðurgreiðslur stéttarfélaganna og afsláttarkjör sem félögin sömdu um við Gistiheimili Keflavíkur. Það er endanlegt verð.

Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gisting á farfuglaheimilum en þau eru 36 og staðsett um allt land.

Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng, kodda, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi.

Gistiávísanir fyrir farfuglaheimili er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110.

Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félögin þurfi að greiða um 60 til 70.000 í leigu fyrir vikuna. Leiguverðið í sumar til félagsmanna verður kr. 26.000,-. Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar að hafa húsin á leigu. Þannig niðurgreiða stéttarfélögin hverja viku niður fyrir félagsmenn um allt að 44.000 kr. per. viku.

Útilega í boði þíns stéttarfélags

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 20.000,-.

Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 6 mánuði.

Afsláttarkjör á bílaleigubílum

Bílaleiga Húsavíkur
Garðarsbraut 66 • Húsavík
Símar 464 2500 & 892 3436

Stéttarfélögin hafa samið við Bílaleigu Húsavíkur um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á bílaleigubílum fyrirtækisins í Reykjavík. Um er að ræða 15% afslátt frá listaverði. Stéttarfélögin og Bílaleiga Húsavíkur gerðu þennan samning til að auðvelda fólki sem nýtir sér flug frá Húsavík eða Akureyri að ferðast um höfuðborgarsvæðið í þægilegum bílum frá bílaleigunni. Þegar menn panta bíla hjá Bílaleigu Húsavíkur er nóg að þeir gefi upp að þeir séu félagsmenn í Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélagi Húsavíkur eða Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Þá er þessi góði afsláttur í boði fyrir félagsmenn.

Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Miðar í Hvalfjarðargöng

Stéttarfélögin hafa til sölu miða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Verðið per. miða er kr. 650,-. Félagsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar fá miðana á sama verði hjá skrifstofu félagsins á Þórshöfn

Orlofskostir á netinu

Félagsmenn sem vilja fræðast betur um þá orlofskosti sem eru í boði á vegum stéttarfélaganna geta farið inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is. Undir tenglinum; íbúðir, orlofshús og hótel er fjallað nánar um orlofskostina.

Lausar vikur í orlofshúsum

Þegar búið verður að úthluta orlofshúsum til félagsmanna í apríl verður hægt að sjá hvaða vikur eru lausar vakni áhugi hjá þeim félagsmönnum sem sóttu ekki um fyrir tilsettan tíma að bregða sér í orlofshús í sumar.

Góð þátttaka í getraun

Fjölmargir tóku þátt í jólagetraun stéttarfélaganna og er þeim þökkuð þátttakan. Spurt var um nafn á manni á teikningu eftir Baldur Einarsson. Maðurinn reyndist vera Ingólfur Ingólfsson frá Grundargili í Reykjadal:

„Til að hafa vinningsvon
verð ég víst að svara.
Þetta er Ingólfur Ingólfsson
Ingólfs bókbindara.“

Þessa vísu orti einn maður sem skilaði inn lausn við getrauninni. Dregnir voru út fimm heppnir þátttakendur sem allir fengu konfekt að gjöf frá stéttarfélögunum.

Vinningshafar:
Halla Loftsdóttir Álftanesi Aðaldal
Ósk Þorkelsdóttir Árholti Húsavík
Ingigerður Arnljótsdóttir Gautlöndum Mývatn
Elísabet Sigurðardóttir Baughól 50 Húsavík
Kristjana Kristjánsdóttir Hvítafell Reykjadal

Uppskeruhátíð hjá Framsýn

Félagsmenn Framsýnar sem starfa í stjórnum og ráðum á vegum félagsins komu saman í desember ásamt starfsmönnum og gerðu sér glaðan dag eftir síðasta fund ársins. Innan félagsins er mikið lagt upp úr öflugu félagsstarfi. Liður í því er að þakka öllum þeim sem koma að störfum fyrir félagið með sameiginlegum fundi þar sem boðið er upp á heimatilbúin skemmtiatriði og kvöldverð í notalegum félagsskap.

Það var mikið hlegið enda töfruðu fundarmenn fram mörg mögnuð skemmtiatriði.

Hrútabandið spilaði og söng fram eftir kvöldi en fulltrúar úr trúnaðarmannaráði félagsins mynda bandið ásamt formanni Þingiðnar, Jónasi Kristjánssyni, sem var gestur fundarins.

Vilt þú veita okkur afslátt?

Stéttarfélögin vinna að því reglulega að ná fram hagstæðum kjörum fyrir félagsmenn, ekki síst á vöru, gistingu og þjónustu. Gott dæmi um það er flugið milli Húsavíkur og Reykjavíkur og afsláttur af bílaleigubílum. Hafir þú áhuga fyrir því að bjóða félagsmönnum stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum upp á afslátt ert þú vinsamlegast beðin(n) um að snúa þér til Skrifstofu stéttarfélaganna.

Efnilegir unglingar í heimsókn

Nýlega kom góður hópur unglinga úr Borgarhólsskóla ásamt tveimur kennurum í heimsókn til stéttarfélaganna á Húsavík. Starfsmenn stéttarfélaganna fóru yfir starfsemi félaganna og svöruðu fyrirspurnum frá nemendum skólans. Ekki var annað að heyra en að gestirnir hefðu verið ánægðir með kynninguna.

Yfir þrjátíu manna hópur úr 10 bekk Borgarhólsskóla á Húsavík kom í heimsókn til stéttarfélaganna og fékk fræðslu um starfsemi stéttarfélaga.

Breytingar í stjórn Sjómannadeildar

Jakob Gunnar var kjörinn formaður deildarinnar en hann hefur verið formaður um árabil. Tveir ungir menn komu inn í stjórn. Það er Snorri Gunnlaugsson sem hér er á mynd og Kristján Hjaltalín sem var á sjó svo hann komst ekki á fundinn. Snorri var ánægður með traustið.

Hefð er fyrir því innan Framsýnar að halda aðalfund Sjómannadeildar Framsýnar rétt fyrir áramótin. Fundurinn fór fram 29. desember og var góð mæting á fundinn sem fór vel fram. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var farið yfir helstu málefni sem tekin voru fyrir á 29. þingi Sjómannasambands Íslands sem haldið var í Reykjavík í byrjun desember. Tveir nýir stjórnarmenn komu inn í stjórn deildarinnar, þeir Snorri Gunnlaugsson og Kristján Hjaltalín. Aðrir í stjórn eru Jakob Gunnar Hjaltalín, Kristján Þorvarðarson og Björn Viðar. Hægt er að fræðast betur um fundinn inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is .

Við viljum lifa

Landsbyggðarfélögin innan Starfsgreina-sambandsins alls 16 stéttarfélög hafa undanfarna mánuði mótað kröfugerð vegna komandi kjaraviðræðna. Þau hafa nú sett fram sameiginlega launakröfu. Í kröfugerð sambandsins sem sem¬ur fyr¬ir rúm¬lega 12 þúsund félagsmenn eru lagðar sérstakar áheyrslur á krónutöluhækkanir og endurskoðun á launatöflu sem taki mið af menntun og starfsreynslu. Kröfugerðin byggir jafnframt á því að lágmarkslaun verði 300.000 innan þriggja ára.

Það var ljóst um leið og SGS bankaði á dyr hjá Samtökum atvinnulífsins í lok janúar og kynnti sínar kröfur að þar á bæ hefðu menn allt aðrar hugmyndir um þarfir láglaunafólks til lífsafkomu. Þar var öllum dyrum snarlega lokað og grátkórnum hóað saman til hefðbundinna söngæfinga. Velæfður kórinn þandi raddböndin sem enginn væri morgundagurinn og gamalkunn stefin ómuðu á öldum ljósvakans. Og hafi menn ekki vitað það fyrir þá er það nú lýðum ljóst að:„ launahækkanir verkalýðsins leiða til verðbólgu, það er þörf á þjóðarsátt og hóflegar launahækkanir mynda stöðugleika.“ En það skal ítrekað að það á einungis við ef hækka á launin hjá þeim sem minnst hafa. Kunnuglegur söngur, en jafnvel bestu kórar hætta að vera áheyrilegir ef ekki er skipt reglulega um prógramm.

Ógjörningur að lifa af lægstu launununm

Kennarar, flugmenn og nú síðast læknar eru í hópi þeirra starfsstétta sem undanfarið hafa fengið umtalsverðar kjarabætur og er það vel. Það var talað um að þær stéttir hefðu fengið leiðréttingu á sínum launum. Stjórnendur fyrirtækja hækka sín laun kinnroðalaust og afkoma þeirra atvinnugreina sem teljast undirstaða atvinnulífsins hefur sjaldan verið betri. Því er það með öllu óskiljanlegt að þegar röðin kemur að verkafólki skuli þær krónur sem eftir eru á kistubotninum hafa annað vægi. Því skyldi réttlát krafa fiskvinnslukonunnar um lágmarks lífsafkomu frekar leiða til óstöðugleika í efnahagslífinu heldur en áðurnefndar launahækkanir? Það má öllum vera ljóst að í veruleika dagsins í dag er ógjörningur að lifa á lægstu launum, en þeir taxtar eru á bilinu 201.000 kr. til 238.000 kr.

Til eru opinber viðmið sem taka mið af framfærsluþörf einstaklinga. Því skyldi maður ætla að sú krónutala hljóti að vera til viðmiðunnar við gerð kjarasamninga. En krafan um 300.000 þúsund króna mánaðarlaun er einungis skref þá átt. 300.000 króna laun gefa 246.000 krónur í vasann þegar búið er að greiða skatta og skyldur. Rétt er að taka fram að sú tala er undir áðurnefndum neysluviðmiðum. Íslenskt verkafólk gerir kröfu um það að geta lifað af launum sínum og 300.000 króna laun á mánuði er langt frá því að vera óraunhæft. Krafan er sett fram fyrir hönd fólksins á gólfinu, fólksins sem þrælar myrkranna á milli fyrir launum sem eru fyrir neðan allt velsæmi. Hún er mótuð af fólkinu sjálfu, á vinnustöðum og á fundum í félögunum um land allt.

„Afl í okkar þágu“

Baráttan fyrir bættum kjörum alþýðunnar er ekki nýtilkomin og þau réttindi sem okkur þykja í dag sjálfsögð og eðlileg kostuðu forvera okkar þrotlausa baráttu. Ég nefni hér uppsagnarrétt, orlofsrétt, hvíldarákvæði, atvinnuleysistryggingar, lífeyrisréttindi og réttindi til launa í veikindum. Þessi réttindi voru ekki sjálfgefin, þau kostuðu fórnir og urðu til við samstöðu íslensks alþýðufólks.

Mikill hugur er innan raða verkafólks að sækja leiðréttingu sinna launa, en til þess að slíkt megi takast þurfum við samstöðu. Verkalýðshreyfingin er fjölmenn hreyfing og við sem hana skipum þurfum að átta okkur á því að baráttan veltur ekki eingöngu á þeim sem sitja við samningaborðið fyrir okkar hönd. Við þurfum líka að taka þátt, öll sem eitt. Vopn okkar er máttur, það er „samtakamáttur fólksins“ sem þjappar okkur saman og með hann að leiðarljósi getum við barist fyrir mannsæmandi lífskjörum. Gleymum ekki að við erum„aflið“sem þarf að standa við bakið á okkar fólki, það eru okkar hagsmunir sem eru í húfi.

Verkalýðshreyfingin er “afl í okkar þágu” en til þess að svo megi vera þurfum sjálf að leggja okkar af mörkum.

Ósk Helgadóttir,
varaformaður Framsýnar

Rjúkandi kaffi og meðlæti

Stéttarfélögin stóðu fyrir opnu húsi einn laugardag í desember. Gestum var boðið upp á kaffi, tertur og ljúfa tónlist frá Tónlistarskóla Húsavíkur. Um þrjúhundruð gestir komu í heimsókn og nutu veitinga og þess sem var í boði. Stéttarfélögin þakka gestunum fyrir komuna og hlý orð í þeirra garð en margir sáu ástæðu til þess að þakka stéttarfélögunum fyrir að standa fyrir boðinu sem er árvist og býr til skemmtilega stemningu í svartasta skammdeginu.

Kynningarfundur

LNS Saga, verktaki við byggingu Þeistareykjavirkjunar, hefur áhuga á að komast í kynni við ýmsa þjónustuaðila á Norðausturlandi með hugsanlegt samstarf í huga. Fulltrúar LNS Saga verða því með kynningu á félaginu og verkefninu í fundarsal stéttafélaganna laugardaginn 21. mars kl. 10:00 - 13:00. Áhugasamir eru hvattir til að koma með upplýsingar um sína þjónustu og til skrafs og ráðagerða. Fundurinn er haldinn í samstarfi við Framsýn stéttarfélag

Framsýn styrkir Völsung

Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar og þeir Jónas Halldór Friðriksson, framkvæmdastjóri Völsungs og Viðir Svansson frá knattspyrnudeild Völsungs skrifuðu undir samstarfssamninginn.

Framsýn og Íþróttafélagið Völsungur hafa gert með sér samstarfssamning til tveggja ára er varðar stuðning félagsins við knattspyrnudeild Völsungs. Samningurinn var undirritaður í byrjun mars. Framsýn hefur í gegnum tíðina stutt vel við bakið á starfssemi Völsungs með stuðningi við flestar deildir félagsins og er nýi samningurinn framlenging á því góða samstarfi. Ekki þarf að efast um mikilvægi Völsungs sem gegnir mikilvægu hlutverki í æskulýðs- og íþróttastarfi í héraðinu. Liður í því er að fyrirtæki og félagasamtök styðji vel við bakið á íþróttafélaginu til að auðvelda þeim að ná fram markmiðum sínum í uppbyggjandi starfi. Við undirskriftina þakkaði Jónas Halldór framkvæmdastjóri Völsungs Framsýn fyrir stuðninginn í gegnum tíðina og sagði mikla ánægju með nýja samstarfssamninginn.

Undirbúningur að hefjast

Kjarasamningar starfsmanna sveitarfélaga og ríkisins sem Framsýn, Verkalýðsfélag Þórshafnar og Starfsmannafélag Húsavíkur eiga aðild að í gegnum sín landssambönd verða lausir í vor. Undirbúningur vegna kröfugerða er að hefjast en reikna má með að kröfur stéttarfélaganna verði í takt við þær hækkanir sem aðrir opinberir hópar s.s. læknar og kennarar hafa undanfarið fengið í kjarasamningum.

Leikskólagjöld til skoðunar

Inn á heimasíðu stéttarfélaganna er ítarlega fjallað um nýja verðkönnun Alþýðusambandsins á leikskólagjöldum. Meðal annars er fjallað um leikskólagjöldin hjá leikskólum á vegum Norðurþings. Áhugasömum er bent á að skoða könnunina inn á heimasíðunni www.framsyn.is .



Kveðjuorð

Meistarinn Sigurður Hallmarsson er fallinn frá. Sigurður var um tíma með aðstöðu hjá stéttarfélögunum þar sem hann naut þess að mála við góðar aðstæður eins og hann orðaði það sjálfur. Sigurður var afkastamikill málari og eftir hann liggja fjölmörg málverk auk þess sem hann var mjög virkur í menningar- og listalífi Þingeyinga. Blessuð sé minning hans.

Farið yfir starfsemina

Það er alltaf ánægjulegt þegar unga fólkið lætur sig varða kjara- og verkalýðsmál og mætir á fundi enda mikilvægur þáttur í lífi fólks. Hér má sjá eina glæsilega stúlku, Berglindi Ólafsdóttir, sem tók virkan þátt í aðalfundinum.

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar var haldinn í fundarsal stéttarfélaganna að Garðarsbraut, fimmtudaginn 29. janúar 2015 og hófst hann kl. 20:00. Gestur fundarins er Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar sem gerði grein fyrir kjaramálum á fundinum og komandi kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins. Miklar umræður urðu um kjaramál og voru fundarmenn sammála um mikilvægi þess að verkafólk stæði saman í kjaraviðræðunum, það væri vænlegast til árangurs. Undir liðnum, Venjuleg aðalfundarstörf fór Jóna Matthíasdóttir formaður deildarinnar yfir skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár. Þá fór fram stjórnarkjör. Formaður deildarinnar er kosinn til tveggja ára í senn og hefst nú síðara starfsár hans. Aðrir aðilar í stjórn og varastjórn eru kosnir til eins árs. Tillaga var borin upp um óbreytta stjórn, þ.e. Jónína Hermannsdóttir og Birgitta Bjarney Svavarsdóttir í aðalstjórn og til vara Emilía Aðalsteinsdóttir og Katarzyna Osipowska. Engar aðrar tillögur bárust og var stjórnin samþykkt með lófaklappi. Undir liðnum önnur mál kom fram að tillaga að nýjum trúnaðarmanni í Kaskó, en það er Katarzyna Osipowska sem tekur við af Ingunni Ólínu Aðalsteinsdóttur sem nú er orðin verslunarstjóri. Tillagan var borin upp og samþykkt og Kasia boðin velkomin til starfa. Frekari upplýsingar um fundinn eru inn á heimasíðu Framsýnar.

Jóna Matthíasdóttir er formaður Deildar Verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar. Hún er starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Sumarvinnufólk getur flogið ódýrt

Rétt er að geta þess að starfsmenn sem ráða sig í sumarstörf á félagssvæði stéttarfélganna og greiða félagsgjald til félaganna, Framsýnar, Þingiðnar, STH og Verkalýðsfélags Þórshafnar eiga rétt á ódýrum flugfargjöldum milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Það borgar sig fyrir launþega að greiða í þessi stéttarfélög. Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík veitir frekari upplýsingar.



Íslandsbanka Appið

Vertu með bankann í vasanum

Við erum stöðugt að þróa Íslandsbanka Appið
til að létta þér lífið í dagsins önn.

- Hærri úttektarheimild í Hraðfærslum
- Yfirlit og greiðsla ógreiddra reikninga
- Yfirlit og staða reikninga
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Vildartilboð Íslandsbanka og fjöldi annarra aðgerða
- Verðbréfayfirlit VÍB

Sæktu Íslandsbanka Appið á islandsbanki.is/app

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki